



7. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, fimmtudaginn 17. febrúar 2021.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18:00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Erla Edvarðsdóttir (EE), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Reynir Ingi Árnason (RIÁ) og Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG).

Mættir starfsmenn:

Kristrún Kristjánsdóttir (KK), framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. Kynning á skýrslu frá Eflu fyrir Mosfellsbæ umframtíðarskipulag Varmárvæðis og fleiri fréttir eins og af búningaklefum.

Birna fór yfir skýrslu frá Eflu um framtíðarskipulagið sem byggði á þarfagreiningu fyrir heildarskipulag og framtíðar uppbyggingu íþróttasvæðis að Varmá fram til ársins 2035. Ákveðin forgangsröðun verkefna hefur verið sett upp og samþykkt Aðalstjórn hana. Fundað verður með samráðsvettvangi Mosfellsbæjar þar sem skýrslan verður tekið fyrir.

Komnar eru gámaeiningar sem nýtast sem bráðabirgðabúningaklefar norðan megin íþróttahúss, í vetrarfrí framundan verður gerður inngangur á húsið og skyggni þannig að iðkendur geti á einfaldan hátt farið á milli íþróttahúss og klefa. Búningaklefar 1 og 2 á „grænagangi“ hafa verið teknir í gegn. Í næstu viku verður byrjað á að taka í gegn klefa 7 – 9 sem eru í kjallara en þar flæddi vatn inn í vetur. Á meðan nýtum við gámaklefa en áætluð verklok eru um miðjan apríl.

2. Kynning á stöðu verkefnis úttektar Sessor á fjármálaferlum

Sigurður fór yfir úttektarskýrslu frá Sessor ráðgjafafyrirtæki sem eru sérfræðingar í upplýsingatækni og stoðþjónustu.

Úttektin tók á þáttum eins og upplýsingakerfum, tæknilegu umhverfi og stoðþjónustum skrifstofu Aftureldingar. Niðurstaða úttektarinnar er sú að verið sé að nota gamlar og úreltar aðferðir. Lausn við því er að fullnýta hugbúnaðarlausnir og herða upp verkferla í tengslum við það.

Aðalstjórn mun taka ákvörðun um næstu skref í þessu verkefni.

3. Aðalfundur deilda, staða bókhalds – Kristrún / Sigurður Rúnar – niðurröðun deildafunda

Kynnt var niðurröðun aðalfunda deilda sem munu vera haldnir á tímabilinu 4. mars til 13. apríl. Aðalfundur félagsins verður haldinn 15. apríl.

Staða bókhalds er mjög góð og verið er að vinna í ársreikningum sem sendir verða gjaldkerum deilda til yfirferðar og samþykktar fyrir þeirra aðalfundi.

Fundi slitið kl.20:00

Kristrún Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.